## 1982 nr. 53 11. maí

## Lög um aukningu hlutafjár í Kísiliðjunni hf.

**Tóku gildi 24. maí 1982.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að yfirtaka kröfur að jafnvirði allt að 1,3 milljóna Bandaríkjadollara í íslenskum krónum á hendur Kísiliðjunni hf. og leggja þá fjárhæð fram til aukningar hlutafjár ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf.

□ Ákvæði 5. mgr. 4. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn gilda ekki um þau hlutabréf í Kísiliðjunni, sem ríkissjóður fær við yfirtöku nefndra krafna.

ELDRI ÚTGÁFA